



Reglugerð um heiðursviðurkenningar HSH

1.grein

Stjórn HSH getur á viðburðum HSH, s.s. ársþingi HSH, Íþróttamanneskju ársins eða öðrum viðburðum eins og aðalfundum félaganna, stórafmælum og fl. veitt einstaklingum heiðursviðurkenningu fyrir störf sín í þágu íþróttahreyfingarinnar á svæðinu.

2. grein

Viðurkenningar HSH eru Silfurmerki HSH og Gullmerki HSH. Einnig er heimilt að kjósa Heiðursfélaga HSH.

3.grein

Silfurmerki HSH

Silfurmerki HSH er veitt þeim einstaklingum sem unnið hafa gott og mikið starf í þágu aðildarfélaga HSH eða héraðssambandsins í heild. Merkið skal jafnframt vera hvatning til áframhaldandi góðra starfa í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Gullmerki HSH

Gullmerki HSH er veitt þeim einstaklingum sem hafa sinnt skipulags-, stjórnar- eða þjónustustörfum fyrir héraðið eða aðildarfélögin um lengri tíma svo eftir er tekið. Störf fyrir félagið skulu hafa varað í a.m.k. 10 ár. Gullmerki getur aðeins sá fengið sem áður hefur hlotið silfurmerki héraðsins. Stjórn HSH getur þó veitt undanþágu frá þessari reglu við sérstakar aðstæður.

Heiðursfélagi HSH

Heiðursfélaga er hægt að tilnefna hafi einstaklingur sýnt HSH óvenju mikla þjónustu um langt árabíll. Heiðursfélagi er útnefndur á héraðsþingi HSH.

4. grein

Tillögurétt að heiðursviðurkenningum HSH hafa stjórnarmenn HSH og stjórnir aðildarfélaga HSH. Tillögum skal fylgja nákvæm lýsing á störfum viðkomandi og starfsferill innan íþróttahreyfingarinnar.

5. grein

Starfsmaður HSH skal skrá allar viðurkenningar HSH og birta nöfn merkjahafa í ársskýrslu HSH.